

## Inngangur

Í apríl 2022 gerði Vinnueftirlitið takmarkaða úttekt á Fellaskóla með eftirlitsheimsókn. Í kjölfar þeirrar heimsóknar var okkur falið að gera úrbætur á eftirfarandi þáttum;

- Áætlun skólans um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum er takmörkuð. Endurskoða skal áætlunina, uppfæra hana og bæta við félagslegum áhættumati.

Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á að gefa gott yfirlit yfir áhættu á vinnustað og forvarnir til að koma í veg fyrir og draga úr hættu á heilsutjóni eða slysum á vinnustað.

Í skriflegri áætlun skal koma fram;

- **Áhættumat**, þar sem gerð er greining og mat á vinnuaðstæðum með tilliti til öryggis og heilsu starfsfólks.
- **Áætlun** um heilsuvernd og forvarnir þar sem fram kemur tímasett áætlun um forvarnir sem byggir á áhættumati. Stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegs áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis á vinnistöðum. Neyðaráætlun sem lýsti ráðstöfunum vegna skyndihjálpar, slökkvistarfs og brottflutnings starfsfólks.
- **Eftirfylgni** með úrbótum. Meta skal áranguraðgerða að ákveðnum tíma liðnum og gera endurbætur ef þörf krefur. Endurskoða skal áætlun um öryggi og heilbrigði þegar breytingar verða á vinnuaðstæðum. Ef atvik eða aðstæður á vinnustaðnum gefa tilefni til endurskoðunar, ný þekking eða tækni kemur fram sem ætla má að eigi við starfsemina. Ef vinnuslys eða alvarleg óhöpp verða eða ef atvinnutengdur sjúkdómur kemur upp.

Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á því að byggja á sérstöku áhættumati sem unnið er af öryggisráði Fellaskóla, áætlun um heilsuvernd og forvarnir sem í samræmi við niðurstöður áhættumatsins leiða til úrbóta og eftirfylgni að úrbótum loknum.



## Áætlun um öryggi og heilbrigði í Fellaskóla

### Vinnuverndarstarf

Koma þarf á kerfisbundnu vinnuverndunarstarfi í skólanum. Í skólanum starfar öryggisnefnd sem í eru öryggisvörður, öryggistrúnaðarmaður og stjórnandi. Enginn hefur sótt námskeið Vinnueftirlitsins fyrir öryggisverði/ trúnaðarmenn.

Öryggisnefnd fundar fjórum sinnum á skólaárinu – í október, desember, febrúar og apríl.

Mikilvægt er að bjóða starfsfólki upp á reglubundna fræðslu í vinnuvernd og við höfum gert okkur áætlun fyrir árið hvernig því er háttað.

Sveitafélagið Múlaþing veitir starfsfólki í 100% starfi styrk uppá 30 þúsund á ári til sjálfstyrkingar, líkamsræktar eða annars sem eykur lífsgæði og styrkir starfsfólk.

Í ár hefur sveitafélagið boðið starfsmönnum sínum uppá heilsufarsskoðun og einnig bólusetningu gegn flensu.

Skólinn hefur unnið heilsustefnu sem birt er opinberlega á heimasíðu skólans og verður kynnt fyrir starfsfólki á starfsmannafundi. Hún fylgir hér með í viðhengi.

Við erum dugleg að hengja upp í kaffi- og vinnurými starfsfólks upplýsingar og fræðslu um heilsufarslega þætti s.s. geðheilsu og ráð til að hlúa að henni og efla. Einnig gullkorn og speki um samskipti, virðingu og sjálfsrækt. Á föstudögum sendum við út póst til allra starfsmanna með uppbyggilegum upplýsingum um heilsu og hamingju, einnig hrós og gullkorn.

Á meðal starfsmanna er starfræktur bókaklúbbur sem öllum er frjálst að vera meðlimur í. Bókaklúbburinn hittist á tveggja mánaða fresti og það eflir samkennd og gleði að taka þátt í félagsstarfi með samstarfsfólki sínu.

### **Áætlun um vinnuvernd:**

Auka og bæta þarf vinnuaðstöðu starfsmanna og það verður gert haustið 2022 þegar Fellaskóli fær viðbótar húsnæði. Áætlað er að því verði lokið um áramótin 2022 – 2023.

Skólapúlsinn tekur fyrir aðbúnað í skólanum í könnun skólaárið 2022 – 2023. Niðurstöður þeirrar könnunar liggja fyrir í mars og þá verður úrbótaáætlun gerð sem tekur mið af niðurstöðum könnunarinnar. Sú niðurstaða liggur einnig til grundvallar í innra mati skólans á þessu skólaári.

Námskeið öryggisvarðar og öryggistrúnaðarmanns er á döfinni á þessu skólaári.

## Hollustuhættir

### Vinnurými

Vinnuaðstaða starfsfólks er ekki nægileg. Allir kennarar hafa vinnuaðstöðu í skólastofunum sem þeir kenna í. Í sameiginlegu rými allra inn af kaffistofu starfsmanna eru fundarborð og tölva. Kennarar hafa allir fartölvu eða borðtölvu til umráða. Ljósritunaraðstaða, plöstanarvél og fleiri gagnleg vinnutól eru á sameiginlegu svæði sem allir hafa aðgang að. Í haust fær Fellaskóli viðbótarrými með leikskólahúsnæðinu Hádegishöfða og þangað verða list- og verkgreinar fluttar. Við það skapast aukið rými inni í Fellaskóla fyrir starfsfólk og nemendur.

### Félagslegur og andlegur aðbúnaður

Á hverju ári eru ákveðnir afmarkaðir þættir í skólastarfinu skoðaðir og úrbótaáætlun gerð í kjölfarið. Á síðasta skólaári 2021 – 2022 var starfsáætlun skólans og líðan, starfsandi og samstarf m.a. til skoðunar. Í niðurstöðum Skólapúlsins kemur fram að starfsfólki skólans líður almennt mjög vel, starfsandinn þykir mjög góður og samstarf við aðra með ágætum.

Skólaárið 2022 – 2023 skoðum við líðan nemenda, starfsanda og samstarf hjá þeim, Stjórnun og aðbúnað í skólanum. Það er Skólapúlsinn sem gerir þessa skoðun og niðurstöðurnar notum við til að bæta það sem bæta þarf.

### Vinnutími

Allar starfsstéttir innan skólans hafa samið um vinnustyttingu í sínum kjarasamningum og leitast er við að koma til móts við starfsfólk að eins miklu leiti og hægt er án þess að það hafi áhrif á skólastarfið. Meiri hluti starfsmanna kaus að taka vinnustyttinguna út með þeim hætti að stytta einhvern dag vikunnar um 45 mín í fullu starfi og taka svo 3 heila daga að auki einhvern tímann yfir skólaárið í samstarfi við skólastjóra.

### Samvinna og upplýsingaflæði

Það er leitast við að hafa eins mikinn sveigjanleika í starfi allra í skólanum og kostur er. Kennarar og annað starfsfólk vinnur saman í teyimum að úrlausn mála, undirbúningi og skipulagi skólastarfsins. Þannig hefur starfsfólk stuðning af hvort öðru bæði faglega og tilfinningalega.

Það er ótakmarkað aðgengi að skólastjóra og verkefnastjóra stoðþjónustu fyrir starfsfólk skólans.

Skólinn vinnur í samstarfi við Skólalþjónustu og Félagsþjónustu að úrlausn mála s.s.

hegðunarvandamála nemenda og annarra vandamála sem upp koma hjá nemendum. Hjá

skólabjónustu er að sækja ráðgjöf og stuðning og félagsþjónustan vinnur með kennurum og foreldrum að þeim málum sem þeirra fræði og valdsvið nær til.

Starfslýsingar fyrir öll störf í skólanum eru inni á heimasíðu skólans undir <https://www.fell.is/> undir flípanum "Hagnýtt".

### **Endur – og símenntun**

Skólinn gerir símenntunaráætlun á hverju ári. Ákveðið er á kennarafundi hvað við viljum leggja áherslu á í símenntun á árinu og það tekur mið af þeim áherslum og þróunarverkefnum sem við leggjum áherslu á hverju sinni. Á þessu skólaári leggjum við áherslu á leiðsagnarnám og fáum fræðslu frá Háskólanum á Akureyri og utan um hald með því sem við erum að tileinka okkur. Við ætlum að læra meira um útinám og útikennslu en þær áherslur höfum við verið með undanfarin ár og það er vilji flestra að það sé eitt af höfuðeinkennum skólans að vera útinámsskóli. Við ætlum að leggja áherslu og símennta okkur í teymisvinnu sem við erum að vinna í og betrubæta ár frá ári og að lokum sækjum við símenntun í læsi.

### **Endurmenntunaráætlun skólaárið 2022 – 2023**

<b><u>September</u></b>	<b><u>Október</u></b>	<b><u>Nóvember</u></b>	<b><u>Desember</u></b>
Leiðsagnarnám Námskeið, innlögn frá HA. Ráðstefna um læsi, ritun og BL. Kennaraþing.	Kennsluáætlanir og lotuskipulag. Farið verður yfir það form sem á að nota við gerð kennsluáætlana. Hegðunarvandamál – viðbrögð og leiðir. Fá fræðslu sérfræðinga.	Leiðsagnarnám Námskeið, innlögn frá HA.	Lestur – læsi – ritun. Sýnikennsla og hugmyndir frá þeim sem sóttu læsisráðstefnuna í september.
<b><u>Janúar</u></b>	<b><u>Febrúar</u></b>	<b><u>Mars</u></b>	<b><u>Maí/júní</u></b>
Lestrarstefna – yfirfara, breyta og aðlaga að okkar skóla. Samvinna allra.	Teymisvinnufyrirkomulag, Lotuskipulag. Teymin koma saman og miðla því sem þau hafa gert.	Útinám Miðstig kennir unglingastigi. Yngsta stig kennir miðstigi. Unglingastig kennir yngsta stigi.	Leiðsagnarnám og útinám/ útikennsla – námsferð.

### **Upplýsingaflæði og samskipti**

Starfsmannafundir eru 3 – 4 á skólaárinu, kennarafundir aðra hverja viku og aðra hverja viku eru fundir eða samverustundir sem kallast Akurinn og þær eru sérstaklega hugsaðar til að

styðja við okkur sem kennara bæði faglega og andlega. Þ.e. þar komum við saman og fáum utan að komandi fræðslu um heilsu, lífsstíl eða það sem er áhugavert hverju sinni. Við nýtum þessa fundi til endurmenntunar.

Skólastjóri sendir út föstudagspóst a.m.k. tvisvar í mánuði þar sem farið er yfir það sem liðið er – sérstaklega við mánaðarmót, kemur á framfæri praktískum málum ef þarf og reifar það sem fram undan er í næstu viku.

Á kaffistofu starfsfólks er upplýsingatafla og þar skráum við forföll nemenda og starfsmanna – einnig ábendingar sem snerta alla.

Á hverju ári eru starfsmannaviðtöl og þar gefst starfsfólki tækifæri til að segja sína skoðun. Að starfsmannasamtölum loknum eru niðurstöður notaðar til að koma til móts við óskir fólks á næsta skólaári að eins miklu leiti og mögulegt er.

Í starfsmannakönnun sem Skólapúlsinn tók 2021 kemur fram að starfsfólk er ánægt með samstarfsfólk sitt, það telur sig fá hrós og stuðning frá yfirmönnum og finnst almennt góður andi ríkja í skólanum.

Það sem fólki finnst að betur megi fara er aðbúnaður í skólanum. Það vantar rými fyrir smærri hópa og einstaklingsvinnu. Það vantar aðstöðu fyrir hjúkrunarfræðinga og aðra utan að komandi fagaðila. Og það vantar stundum úrræði fyrir nemendur með erfiða hegðun. Og sumum finnst vanta vinnuástöðu fyrir kennara en það hefur verið bætt að því leiti að nú hafa allir fartölvu sem það kjósa og geta unnið hvar sem er, sumir eru með borðtölvu sem hafa kosið það og hafa skólastofu síns nemendahóps til umráða þegar kennslu lýkur.

## Áætlun um heilsuvernd og forvarnir

Eins og kom fram í niðurstöðum Skólapúls 2021 líður starfsfólki almennt vel í vinnunni og það telur sig fá þann stuðning sem það þarf. Það er ekki mikið um forföll vegna veikinda en til að fyrirbyggja það að fólk hverfi frá vinnu vegna álags eða annarra áhættuþátta í skólastarfinu snýr forvarnaráætlun skólans að því að fræða starfsfólk um það sem talið er hafa forvarnargildi, andlegt og líkamlegt.

Skólárið 2022 – 2023

September	Október	Nóvember	Desember
Andleg líðan Fræðsla í orði og á prenti. Samverustundir	Andleg líðan Fræðsla, samræður, samvera og skemmtun Bleikur dagur Heilsumæling	Vinavika í skólanum Forvarnir gegn einelti. Fræðsla um regnboga mannlífs.	Samkennd, samvera, leynivinaleikur, Hafa upplestur á bókasafni. Koma saman og föndra/ spila eftir vinnu
Janúar	Febrúar	Mars	Apríl
Sjálfbærni – hvað er það og hvað getum við gert til að vernda jörðina og lífríki hennar?	Heilsa Hreyfing, svefn mataræði. Líkamsbeiting	Sjálfbærni – lærum að búa til sápu og súpu.  Sjálfbærni og hamingja.	Ferðalag Árshátíð  Hvað höfum við lært í vetur – höfum við getað nýtt eitthvað af því. Hvað vantar eða mætti betur fara? Erum við hamingjusöm?

**Stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis á vinnustað.**

**Neyðaráætlun - ráðstafanir vegna skyndihjálpar, slökkvistarfs og brottflutning starfsfólks**

Starfsmenn skólans fá skyndihjálparnámskeið annað hvert ár og sér skólinn um að boða á og panta slíkt námskeið.

Öll slys eru skráð í slysaskráningargrunn á heimasíðu Múlapings undir Atvik;

<https://fljotsdalsherad.sharepoint.com/sites/Mannaudsmal/SitePages/ATVIK---atvikaskr%C3%A1ningakerfi-starfsf%C3%B3lks.aspx>

Starfsáætlun um einelti, brunaáætlun, og jafnréttisáætlun eru í fylgiskjali.

Fylgiskjal 1.

**Brunaáætlun**

Fylgiskjal 2.

**Eineltisáætlun**

Fylgiskjal 3.

**Jafnréttisáætlun**

Fylgiskjal 4.

**Vinnuumhverfisvísir.**

**Eftirfylgni með úrbótum**

*Endurskoða áætlanir þegar breytingar verða á vinnuaðstæðum, atvik eða aðstæður gefa tilefni til endurskoðunar, ný þekking eða tækni kemur fram sem á við okkur, vinnuslys eða óhöpp eiga sér stað eða ef atvinnutengdur sjúkdómur kemur upp.*

Einu sinni á ári gerir Heilbrigðiseftirlit Austurlands úttekt á skólanum og gefur út starfsleyfi uppfylli skólinn þær kröfur sem gerðar eru og geri þær úrbætur sem krafist er í skýrslu að úttekt lokinni. Heilbrigðiseftirlitið gerði úttekt síðast 1.10 2021 og þar voru skoðuð og tekin afstaða til 13 þátta af 133. Í sjö atriðum voru gerðar kröfur um úrbætur.

Brunavarnir á Austurlandi gerðu úttekt á skólanum 3.12 2021 og gerði athugasemdir við að hurðirnar væru spenntar upp með spítukubbum en sveitafélagið telur ekki þörf á að setja þar til gerðar pumpur á hurðirnar þannig að þær lokist af sjálfum sér ef upp kemur eldur og á meðan er hurðunum haldið opnum með spítukubb.

Vinnueftirlitið kom í vor og gerði athugasemdir við að ekki væri til áætlun um öryggi og heilbrigði í skólanum. Gerð hefur verið bragabót á því og áætlunin var borin undir starfsfólk skólans á fundi miðvikudaginn 12. október 2022.

Haustið 2022 verður könnun lögð fyrir starfsfólk – könnunin er byggð á lista Vinnueftirlitsins VSÁFE01 bls 4. og verður lögð fyrir nafnlaus. Skjalið er í fylgiskjölum undir Vinnuumhverfisvísir. Öryggisráð mun taka saman niðurstöður, kunngerá þær starfsfólki á starfsmannafundi og **vinna að útbótum með öllum starfsmönnum í kjölfar könnunarinnar.**

Öryggisráð Fellaskóla fundar fjórum sinnum yfir veturinn. Eftirfarandi áherslur verða á fundunum.

<p><b><u>Október</u></b></p> <p><b><i>Andleg líðan starfsmanna.</i></b></p> <p>Erum við að hlúa að andlegri heilsu starfsmanna? Hvað getur skólinn – stjórnendur, skemmtinefnd og allir gert til að skapa félagslegar aðstæður sem stuðla að samveru, samkennd og vellíðan starfsmanna á vinnustaðnum? Fræðsla.</p> <p>Kaffiboð einu sinni í viku þar sem allir koma saman. Undirbúningur dreifist á alla. Allir eru sammála um að það hafa mikið með andann og sálina að gera.</p> <p>Hafa bleikt boð – fræðslu og glaðning í tilefni vitundarvakningarmánaðar um krabbamein.</p>	<p><b><u>Desember</u></b></p> <p><b>Tími friðar og samveru</b></p> <p>Hvetja starfsfólk og nemendur til góðra verka – láta gott af sér leiða.</p> <p>Hlúum að hvort öðru – erum nærgætin og umhyggjusöm.</p> <p>Slysaskráningar – fara yfir fyrirkomulagið með öllum starfsmönnum og tryggja að allir séu að bregðast við með sama hætti.</p> <p><b><i>Brunavarnir</i></b> – hafa brunaæfingu og fara yfir útgönguleiðir og viðbrögð með starfsmönnum.</p>
<p><b><u>Febrúar</u></b></p> <p><b><i>Heilsuefning</i></b> – hvað erum við að gera til að halda heilsunni. Hreyfing og útivera, svefn og mataræði. Fá fræðslu frá hjúkrunarfræðingi.</p> <p>Vera með jóga og slökun á vinnutíma og kynna það fyrir starfsfólki.</p> <p>Hvetja fólk til að fara í göngutúr í matartímanum á íþróttavellinum.</p>	<p><b><u>Apríl</u></b></p> <p><b><i>Skyndihjálparnámskeið</i></b> fyrir starfsfólk</p> <p>Fara yfir áætlunina, hvað þarf að bæta og hverju þarf að breyta. <b>Gera áætlun fyrir næsta skólaár 2023 – 2024.</b></p>



Kynna hugleiðslu og öndun fyrir starfsfólki – fá kynningu á vinnutíma.	
---	--